

Fimmtudaginn 10. september 1998.

Nr. 179/1998.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)
gegn

Árna Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**

Emil Antoni Sveinssyni

(Brynjar Níelsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærðu með áfrýjunarstefnu 28. apríl 1998. Ákærvaldið krefst þess, að ákærði Árni Sigurðsson verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en refsing beggja ákærðu verði þyngd.

Ákærði Árni krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst ákærði sýknu, en til þrautavara, að sakfelling hans taki eingöngu til brots á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. 20. gr. og 2. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá krefst hann þess, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð, ef til sakfellingar komi.

Ákærði Emil Anton Sveinsson krefst þess, að milduð verði refsing sú, sem honum var ákveðin í héraðsdómi.

Á það verður ekki fallist með ákærða Árna Sigurðssyni, að nauðsynlegt hafi verið fyrir héraðsdómara að neyta heimildar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994, og kveðja til samdómendur. Með hliðsjón af sakargögnum málsins í heild verður ekki heldur talið, að efni séu til að ómerkja héraðsdóm á grundvelli 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994.

Að svo búnu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um hlut beggja ákærðu með skírskotun til forsendna hans.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Árni Sigurðsson sæti fangelsi í fimm ár.

Ákærði Emil Anton Sveinsson sæti fangelsi í fjögur ár og sex mánuði.

Til frádráttar refsivist ákærðu komi gæsluvarðhald, sem þeir hafa sætt frá 15. desember 1997.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á fíkniefnum og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði Árni greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 80.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Emil Anton greiði verjanda sínum, Brynjari Níelssyni hæstaréttarlögmanni, 80.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað fyrir Hæstarétti greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1998.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 3. mars sl., á hendur ákærðu, Árna Sigurðssyni, kt. 170173-2959, Meðalholti 2, Reykjavík, Emil Antoni Sveinssyni, kt. 100472-5899, Víðimel 54, Reykjavík, Janet Christinu Ewerth, fæddri 8. janúar 1966 í Svíþjóð, og Steve Romsdal, fæddum 15. janúar 1971 í Noregi, báðum til heimilis að Oosterdokskade 1000, Amsterdam, Hollandi, „fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa síðari hluta árs 1997 í hagnaðarskyni staðið saman að skipulagningu og innflutningi á 1.100 töflum af MDMA (3,4 metýlendíoxýmetamfetamíni) og 296 skömmtum af LSD (lýsergíði) hingað til lands frá Amsterdam, ákærðu Emil Anton og Árni með því að leggja til það fé, er þurfti í þessu sambandi, og senda það ákærða Steve til Amsterdam, en þeir ætluðu að annast söludreifingu efnisins hér á landi, ákærði Steve með því að kaupa efnið í Amsterdam og búa til flutnings með því meðal annars að fela hluta þess í tveimur hárgelstúpum og ákærða, Janet Christina, með því að flytja efnið hingað til lands sunnudaginn 14. desember, falið í líkama sínum og í hárgelstúpunum, en efnið fannst við komu hennar til Keflavíkur.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Til vara gegn ákærða Árna fyrir tilraunarbrot gegn lögum um ávana- og fíkniefni sunnudagskvöldið 14. desember um klukkan 20 með því að sækja poka, sem hann taldi hafa að geyma ofangreind fíkniefni, í öskutunnu við Laugaveg nr. 138, Reykjavík, og fela pakkann við sumarhús í Varmárdal (?), en lögregla hafði lagt hald á fíkniefnin, komið vítamíntöflum fyrir í pakknum og látið hann í öskutunnuna.

Telst þetta varða við 173. gr. a, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar. Þá er þess krafist, að frangreind ávana- og fíkniefni, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986“.

Málavextir.

Síðdegis sunnudaginn 14. desember sl. var ákærða, Janet Christina, handtekin á Keflavíkurflugvelli, þegar hún var að koma frá Amsterdam í Hollandi. Í föggum hennar og innvortis í henni sjálfri fundust 1.100 töflur með efninu metýlendíoxýmetamfetamíni eða MDMA og 296 skammtar af lýsergíði eða LSD. Fljótlega eftir handtöku féllst ákærða á að hjálpa lögreglunni að upplýsa málið. Kvaðst hún þurfa að hringja sem fyrst til Amsterdam í eiginmann sinn, meðákærða Steve, og segja honum, að hún væri komin til landsins. Var henni ekið á hótél, og hringdi hún þaðan í meðákærða. Afreðu þau í símtalinu, að hún afhenti efnin, fyrr en ætlað var, þeim, sem taka átti við þeim, en hún sagði lögreglu, að sá hétu Emil. Ákærði Steve hringdi að utan í meðákærða Emil, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Lögreglumenn útbjuggu svo pakka með fölskum efnum, og var ákærða látin setja hann á fyrir fram ákveðinn stað, sorptunnu í húsasundi við Laugaveg. Skammt frá þessum stað gaf ákærði Emil Anton sig fram við Janet Christinu og bauð fram greiðslu fyrir efnin, sem að hluta til stafaði frá ákærða Árna, en ekki vildi hún taka við henni. Ákærði Árni vitjaði svo um pakkann og flutti hann upp í Varmadal í Kjalarneshreppi og kom honum fyrir undir verönd á sumarbústað, sem þar er. Þetta sama kvöld voru þeir Árni og Emil Anton handteknir og færðir í fangageymslu. Ákærði Steve kom til landsins sjálfviljugur tveimur dögum síðar og gaf sig fram við lögreglu og var handtekin. Hafði honum áður verið gerð grein fyrir þeim víðurlögum, sem hann gæti átt von á hér á landi. Hefur fólkið verið í varðhaldi síðan. Töflur þessar hafa verið rannsakaðar í Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, og reyndust þær innihalda fyrrgreind fíkniefni og í meðalstyrkleika. Meðal gagna málsins er ljósrit af sjö nótum út af peningasendingum héðan til ákærðu Steves (6) og Janetar (1). Samkvæmt þeim hafa ákærðu Emil Anton og

kona hans í sex skipti sent meðákærðu samtals 267.000 krónur að frádregnum kostnaði á tímabilinu 20. september til 10. desember sl. og ákærði Árni einu sinni 38.457 krónur að frádregnum kostnaði 23. október sl.

Skýrslum ákærðu Emils Antons, Janetar Christinu og Steves ber saman í öllum aðalatriðum, og játa þau ákærana rétta að öllu eða mestu leyti. Ákærði Árni neitar aftur á móti sök, og verður nú gerð grein fyrir skýrslum ákærðu fyrir dómi.

Ákærði Árni hefur skýrt frá því, að Emil Anton hafi beðið sig að sækja fyrir sig sendingu með fíkniefnum sunnudaginn 14. desember. Væri sendingin falin í sorptunnu við Laugaveg. Kveðst ákærði hafa talið, að í pakkannum væru kannabisefni, en kveðst ekki hafa spurt meðákærða neitt út í innihaldið eða velt því neitt fyrir sér. Ekki hafi hann átt að fá neitt í sinn hlut fyrir þetta. Þá viti hann ekkert um, hvað meðákærði hafi ætlað að gera við efnin. Þeir hafi borðað saman, en svo skilið og Emil Anton talað um að hringja og láta vita, þegar hann mætti sækja pakkann. Emil Anton hafi svo hringt og sagt, að nú mætti sækja pakkann, og mætti hann fela pakkann, hvar sem væri. Ákærði segist hafa sótt pakkann og farið með hann upp í Varmadal og falið hjá sumarbústað. Ákærði neitaði því lengst af í lögreglurannsókninni að þekkja nokkuð til meðákærðu Steves og Janetar Christinu eða að hafa komið á heimili þeirra sl. sumar. Þegar þau bjuggu hér. Síðar hefur hann þó dregið nokkuð úr þessu, og fyrir dómi hefur hann sagt, að hann kunni að hafa séð þau áður, en vill ekki fullyrða neitt um það, hvort hann hafi komið á heimili þeirra. Ákærði kannast við að hafa sent Steve peninga, og kveðst hann hafa gert þetta fyrir beiðni Emils Antons. Segist hann ekki hafa átt þessa peninga, svo að hann muni. Hann hafi ekki spurt Emil Anton, hvernig á þessu staði, en Emil Anton hefði áður starfað mikið erlendis og þekki marga í útlöndum. Hafi hann því ekki velt þessu mikið fyrir sér. Ákærði segist kunna allvel ensku (sbr. hér á eftir) og geta vel haldið uppi samræðum á þeirri tungu.

Ákærði Emil hefur skýrt frá því, að hann hafi kynnst Steve hérlandis í júlí og Steve sagst vera í góðum fíkniefnasamböndum í Hollandi. Hafi hann boðið sér og ákærða Árna tvisvar heim í júlí og talað um, að hann gæti útvegað fíkniefni. Þau hafi setið þarna fjögur, öll ákærðu, og öll tekið þátt í ráðagerð um að flytja inn fíkniefnin. Skyldu þeir Árni leggja fram fé til þessa. Ætti að kaupa 1000 e-töflur á 1300 krónur stykkið. Ætluðu þeir að selja hluta af þessu, og eins kveðst ákærði hafa ætlað sér að nota töluvert af þessu sjálfur. Hagnaðar af þessu ætluðu þeir Árni að njóta báðir. Ekki hafi neitt verið rætt á þessum tveimur fundum, hvernig flytja ætti efnið inn. Kveðst ákærði hafa sent Steve um 500 þúsund krónur, en ekki vita um

nema 40.000 krónur frá Árna. Þá kveður ákærði þá Steve aldrei hafa rätt saman um, að með þessu fylgdu LSD-töflur. Hafi aðeins verið rätt um 1.000 e-töflur. Aftur á móti hafi Steve sagt sér í síma, eftir að efnin voru komin til landsins, að töflurnar væru 1.100, en hann hafi ekki minnst á LSD. Ákærði segist hafa oftast talað við Steve um þetta fyrirtæki, en tvisvar í símann við Janet Christinu og þá borið á góma, hvenær efnin kæmu. Þá segir ákærði, að hún hafi verið á báðum fundunum heima hjá þeim og hljóti að hafa vitað allt um þetta. Ákærði segist ekki vita til þess, að Árni hafi verið í sambandi við Steve. Samtölin við útlendingana fóru fram á ensku, og segist ákærði hafa verið sleipari í henni en Árni og því komið í sinn hlut að tala við þau.

Ákærða, Janet Christina, hefur sagt, að hún hafi ekki átt neinn hlut að því að skipuleggja innflutning efnanna, en hins vegar sjálf flutt efnin með sér. Þá hafi hún ekki átt að fá greitt fyrir sinn hlut í þessu. Ákærðu Emil Anton og maður, sem hún bar kennsl á í rannsókn málsins og komst að því, að heitir Árni, hafi komið heim til þeirra einu sinni eða tvisvar og rätt þessi mál. Aðspurð um það, hvort þeir báðir hafi rätt þetta við þau, segir hún þau hafa setið þarna öll fjögur, og telur, að þau hafi öll vitað, hvað til stóð. Hún viti ekki, hvort Árni hafi beinlínis tekið þátt í samræðunum. Á þessum tíma hafi verið rätt um, hvaða efni kæmu til greina, en ekki um greiðslur. Þá telur hún, að ekki hafi heldur verið rätt á þessum fundum um tilhögun innflutningsins. Þeir, sem skipulagt hafi innflutninginn, hafi verið Emil Anton og Steve. Hún viti hins vegar ekki, hvenær ákvörðunin hafi verið tekin. Um það, hvenær innflutningurinn færi fram, hafi verið ákveðið, eftir að þau voru flutt út til Hollands, en hér á landi hafi aðeins verið rätt um, að hann væri ákveðinn. Hún kveðst ekki geta svarað því, hvort ákærði Árni hafi komið þarna fram sem þátttakandi eða ekki. Kveðst hún telja, að ekki hafi verið rätt þarna um, hvort hann ætti að fá af efnunum í sinn hlut eða leggja til peninga. Steve og Emil hafi auk þess rätt um þetta saman í síma. Hún kveðst alltaf hafa talið, að um væri að ræða 1000 e-töflur, sem fluttar yrðu inn, og eins hafi verið rätt um LSD-töflur. Hún hafi þó ekki vitað, að slíkar töflur væru með í sendingunni. Hún kveður Steve hafa sagt sér, að hann hafi verið spurður í síma, hvort LSD-töflur væru einnig fánlegar.

Ákærði Steve hefur skýrt frá því, að þau fjögur hafi hist heima hjá þeim hjónunum tvisvar eða þrisvar og rätt um innflutning á e-töflum. Hafi verið talað um u. þ. b. 1.000 e-töflur í því sambandi. Hafi þeir Emil aðallega rätt um þetta og að Emil skyldi greiða honum fyrir töflurnar. Ákærði Árni hafi verið viðstaddur og heyrt það, sem fram fór, en ekki sagt mikið, og geti hann ekki svarað því, hvað Árni hafi sagt, hafi hann þá yfirleitt sagt nokk-

uð. Peningarnir hafi borist sér til Amsterdam í mörgum smásendingum, og muni hann ekki, frá hverjum, en þetta muni hafa verið um 200.000 íslenskar krónur. Ekki hafi verið rätt á fundunum, að Emil og Árni ættu báðir að fá efnid. Kveðst hann aðeins hafa rätt við Emil um þetta og ekki talið, að það kæmi sér við, hvernig þeir Árni höguðu þessu sín á milli. Eftir að þau Janet höfðu flust til Amsterdam, hafi þeir Emil aftalað það í síma, hvenær innflutningurinn skyldi fara fram. Hafi Janet ekki tekið þátt í að skipuleggja innflutninginn. Þá hafi einnig verið rätt um, að LSD-töflur skyldu fylgja með. Emil hefði ekki haft áhuga á því að fá mikið af þeim, en sagt, að ef hann ætti slíkar töflur, hefði hann áhuga á þeim. Ákærði kveðst hafa keypt efnin á götu í Amsterdam. Hann hafi pakkað þeim inn, bæði e-töflunum og einnig LSD-töflum, sem hann vissi ekki, hvað voru margar. Hefði hann fengið LSD-töflurnar ókeypis, þar sem þær hefðu verið lélegar og óseljanlegar. Hafi seljandinn sagt, að þær væru 1–200 talsins, og kveðst hann ekki hafa talið þær. Þá kveðst hann hafa keypt flugfarmiða handa Janet fyrir eigið fé og hún svo farið með efnin til Íslands. Hafi hún ekki vitað, að LSD væri í pakkanum, og ekki vitað annað en e-töflurnar væru 1.000. Eftir að Janet hafði látið vita, að hún væri komin hingað, hafi hann hringt í Emil og sagt honum það og jafnframt, að í pakkanum væru 1.100 e-töflur og einnig LSD-töflur. Hafi Emil sagt, að það væri í lagi.

Niðurstaða.

Ákærði Árni hefur frá upphafi neitað því að hafa staðið að því að flytja inn fíkniefnin. Sannað er þó með skýrslum ákærðu Emils Antons, Steves og Janetar Christinu, að hann var á tveimur fundum þeirra allra í júlí í sumar, þar sem rätt var um kaup og innflutning á 1.000 e-töflum. Þá hefur ákærði Emil Anton frá upphafi sagt, að Árni hafi verið með í ráðum um innflutninginn og lagt til peninga í fyrirtækið. Liggur og fyrir, að Árni sendi ákærða Steve peninga til Amsterdam í eitt skipti og lagði meðákærða Emil Antoni auk þess til hluta af því fé, sem Janet Christinu var boðið í greiðslu, þegar hún hafði afhent sendinguna. Loks er upplýst, að hann tók efnin úr tunnunni við Laugaveg og faldi þau við sumarbústaðinn á Kjalarnesi. Viðbárur ákærða Árna og skýrslur eru með nokkrum ósennileikablæ og hafa ekki verið að öllu leyti stöðugar, eins og grein hefur verið gerð fyrir. Þykir ekki varhugavert að treysta skýrslu ákærða Emils Antons um þátt Árna í brotinu. Er þannig sannað svo og með játningum hinna ákærðu, að þau hafi öll staðið saman að því, en hvert með sinni tilhlutan, eins og lýst er í ákæru, að flytja inn 1.000 töflur af efninu MDMA.

Að því er varðar þær 100 viðbótartöflur af MDMA og 296 skammta af LSD, sem reyndust vera í sendingunni, er á það að líta, að ákærði Steve

gekk einn frá sendingunni og vissi því, hvaða efni voru í henni, og er hann þar með sannur að því að standa að því að flytja þessi fíkniefni hingað til lands. Meðákærðu Janet og Emil Anton hafa hins vegar bæði haldið því fram, að þau hafi ekki komist að því, fyrr en sendingin var komin hingað til lands, að í henni var annað og fleira en 1.000 e-töflur. Frásögn meðákærða Steves af síðasta símtali þeirra Emils Antons styður það einnig. Þá er engin vísbending um það í málinu, að ákærða Árna hafi verið kunnugt um þessi viðbótarefni. Verður því að telja ósannað, að ásetningur ákærðu Árna, Emils Antons og Janetar Christinu hafi náð til annars en flytja inn 1.000 e-töflur. Ber því að sýkna þau af því að flytja inn 100 töflur af MDMA og 296 skammta af LSD.

Efnið lýsergið var bannað á íslensku yfirráðasvæði með reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, og efnið metýlendíoxýmetamfetamín var bannlýst með reglugerð um breytingu á henni nr. 177/1986, hvort tveggja með heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Skilja verður ákærana þannig, að ákærðu séu þar saksótt sérstaklega fyrir að skipuleggja innflutninginn. Brot ákærðu var hins vegar fullframið, og kemur því ekki til álita að sakfella sérstaklega fyrir skipulagningu verknaðarins. Innflutningur ákærðu á fíkniefnunum telst hafa verið stórfelldur, og fyrir liggur, að þau voru ætluð til dreifingar hérlandis. Hafa ákærðu öll gerst brotleg við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 173. gr. a í almennum hegningarlögum.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Fyrir liggur, að fíkniefni þau, sem ákærðu fluttu inn, eru mjög hættuleg og geta valdið varanlegu heilsutjóni eða jafnvel dauða. Þá var brotið skipulagt, og undirbúningur að því hafði staðið mánuðum saman.

Ákærði Árni á að baki talsverðan sakaferil. Hann hefur hlotið sjö refsisdóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot, síðast 8. desember sl. Þá hefur hann verið sektaður níu sinnum, aðallega fyrir umferðarlagabrot. Honum hefur þó ekki verið refsað fyrir fíknilagabrot áður. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt frá 15. desember sl., alls 112 daga.

Ákærði Emil Anton hlaut sex mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir þjófnað í desember 1993. Þá hefur hann verið sektaður fjórum sinnum, þar af einu sinni, í febrúar 1994, fyrir fíknilagabrot. Ákærði hefur gengist við broti sínu og greitt fyrir því, að málið upplýstist. Samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga ber að láta hann njóta góðs af því, þegar honum er mæld refsing fyrir brotið. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár og sex mánuði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt frá 15. desember sl., alls 112 daga.

Ákærða, Janet Christina, hefur ekki áður gerst sek um refsilagabrot.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga er rétt að láta hana njóta góðs af því, þegar henni er mæld refsing fyrir brot sitt. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem hún hefur sætt frá 15. desember sl., alls 112 daga.

Ákærði Steve hefur ekki sakaferil, sem máli skiptir hér. Hann kom sjálfviljugur hingað frá Hollandi, enda þótt hann vissi, að honum yrði refsað fyrir brot sitt. Þá hefur hann greitt fyrir því, að málið upplýstist. Samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga ber að láta hann njóta góðs af þessu, þegar honum er mæld refsing fyrir brotið. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt frá 19. desember sl., alls 108 daga.

Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni ber að dæma ákærðu til þess að sæta upptöku á fíkniefnunum, eins og krafist er.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt 65.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og ákærðu hvert um sig til þess að greiða verjanda sínum 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvagnarlaun. Annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt.

Mál þetta dæmir Pétur Guðgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði Árni Sigurðsson sæti fangelsi í 5 ár.

Ákærði Emil Anton Sveinsson sæti fangelsi í 4 ár og 6 mánuði.

Ákærða Janet Christina Ewerth sæti fangelsi í 4 ár.

Ákærði Steve Romsdal sæti fangelsi í 5 ár.

Frá refsingu ákærðu Árna, Emils Antons og Janetar Christinu dregst 112 daga gæsluvarðhaldsvist, en frá refsingu ákærða Steves 108 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærðu sæti upptöku á 1.100 töflum af MDMA og 296 skömmtum af LSD.

Ákærðu greiði óskipt 65.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð. Þá greiði ákærði Árni verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvagnarlaun, ákærði Emil Anton greiði verjanda sínum, Karli G. Sigurbjörnssyni hdl., 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvagnarlaun, ákærða Janet Christina greiði verjanda sínum, Helga Jóhannessyni hrl., 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvagnarlaun, og ákærði Steve greiði verjanda sínum, Val Árnasyni hdl., 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvagnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.